



Nr. 25/2004
6. september 2004

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok ágúst 2004

Í meðfylgjandi yfirliti er sýndur efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok ágúst 2004 og til samanburðar í lok júlí 2004 og í lok desember 2003.

Seðlabankinn keypti gjaldeyri á innlendum millibankamarkaði fyrir 1,6 milljarða króna í ágúst í samræmi við áætlun hans um aðgerðir til að styrkja gjaldeyrisstöðu sína (sjá t.d. nóvemberhefti *Peningamála* 2003). Gjalddeyrisforði bankans jókst um 2,7 milljarða króna í mánuðinum og nam 70,8 milljörðum króna í lok hans sem jafngildir 981 milljón Bandaríkjadala. Gengi krónunnar lækkaði um 1,3% í ágúst.

Kröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir lækkuðu um 6,4 milljarða króna í ágúst og námu 21,1 milljarði króna í lok mánaðarins. Kröfur á aðrar fjármálastofnanir drógust hins vegar lítillega saman og námu 9,7 milljörðum króna í mánaðarlok.

Skuldir Seðlabankans við innlánsstofnanir drógust saman í mánuðinum um 11,6 milljarða króna og námu 23,3 milljörðum króna í lok hans en skuldir við aðrar fjármálastofnanir stóðu því sem næst í stað.

Markaðsskráð verðbréf í eigu bankans námu 3,2 milljörðum króna í ágústlok miðað við markaðsverð.

Nettóinnstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana hækkuðu um 7,2 milljarða króna í ágúst og námu 23,8 milljörðum króna í lok mánaðarins.

Grunnfé bankans lækkaði í ágúst um 12,3 milljarða króna og nam 34,5 milljörðum króna í mánaðarlok.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Seðlabanka Íslands og Erla Árnadóttir aðalbókari í síma 569-9600.

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands 31. ágúst 2004

	STaðA 31.12.03	STaðA 31.07.04	STaðA 31.08.04	HREYFINGAR 2004	
				Á árinu	Í ágúst
EIGNIR	87.307,0	105.705,7	101.903,9	14.596,9	-3.801,8
Erlendar eignir	58.274,1	68.292,4	70.996,2	12.722,1	2.703,8
a Gull	1.873,2	1.780,4	1.872,8	-0,4	92,4
b Sérstök dráttarréttindi IMF	3,5	7,3	13,0	9,6	5,8
c Gjaldeyrisstaða við IMF	1.962,8	1.937,3	1.961,9	-0,9	24,5
d Erlendir bankar	22.739,6	26.412,1	28.163,3	5.423,7	1.751,3
e Erlend verðbréf og ríkisvixlar	31.529,2	37.996,2	38.825,4	7.296,2	829,2
f Erlendar eignir utan forða	165,9	159,2	159,9	-6,1	0,7
Innlánsstofnanir	24.038,2	27.444,0	21.076,1	-2.962,1	-6.367,9
a Endurhverfir samningar	24.038,2	27.444,0	20.646,1	-3.392,1	-6.797,9
b Daglán	0,0	0,0	430,0	430,0	430,0
c Aðrar kröfur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Aðrar fjármálastofnanir	4.192,6	9.828,7	9.683,9	5.491,2	-144,8
a Markaðsskráð verðbréf	3.223,2	2.986,7	3.182,7	-40,5	196,1
b Endurhverfir samningar	969,4	6.842,0	6.501,1	5.531,7	-340,9
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	715,5	29,1	31,4	-684,1	2,2
a Markaðsskráð spariskírteini	715,5	29,1	31,4	-684,1	2,2
Aðrar eignir	86,5	111,5	116,3	29,8	4,9

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	87.307,0	105.705,7	101.903,9	14.596,9	-3.801,8
Erlendar skuldir til skamms tíma	123,6	491,6	495,4	371,8	3,8
Mótvirði úthlutunar dráttarréttinda IMF	1.734,7	1.712,4	1.734,0	-0,6	21,7
Seðlar og mynt	10.583,5	11.960,4	11.205,9	622,4	-754,5
Innlánsstofnanir	11.116,9	34.853,9	23.301,9	12.185,0	-11.552,0
a Innstæður	6.615,7	18.789,9	5.336,3	-1.279,4	-13.453,6
b Bundnar innstæður v/störgreiðslukerfis	3.825,0	1.452,2	1.452,2	-2.372,8	0,0
c Innstæðubréf	4.501,2	14.611,8	16.513,4	12.012,2	1.901,5
d Aðrar kröfur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Aðrar fjármálastofnanir	33,2	10,9	10,1	-23,1	-0,9
a Innstæður	33,2	10,9	10,1	-23,1	-0,9
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	22.900,7	16.611,4	23.808,8	908,1	7.197,4
a Aðalviðskiptareikningar ríkissjóðs	9.689,1	3.241,3	16.214,9	6.525,8	12.973,6
b Ríkisstofnanir	1.207,6	782,8	1.078,5	-129,1	295,7
c Gjaldeyrisreikningar ríkissjóðs	487,1	736,2	739,6	252,5	3,5
d Bundið innlán	11.516,9	11.851,2	5.775,7	-5.741,2	-6.075,5
Aðrar skuldir	597,5	588,3	516,5	-80,9	-71,8
Áætluð afkoma ársins fyrir skatt	.	-740,2	614,3	614,3	1.354,5
Gengishagnaður/-tap á árinu	.	-488,3	250,3	250,3	738,6
Áætlaður hagnaður af rekstri	.	-251,9	364,0	364,0	615,8
Stofnfé og annað eigið fé	40.217,1	40.217,1	40.217,1	-	-

Liðir til skýringar

Gjaldeyrisforði (erlendar eignir, a - e)	58.108,2	68.133,2	70.836,4	12.728,2	2.703,2
Gjaldeyrisstaða, nettó	57.984,6	67.641,6	70.341,0	12.356,4	2.699,3
Innstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana, nettó	22.185,2	16.582,2	23.777,4	1.592,2	7.195,2
Kröfur á aðra, brúttó	28.317,4	37.384,2	30.876,3	-2.962,1	-6.367,9
Grunnfé	21.700,4	46.814,3	34.507,8	12.807,4	-12.306,5

Allar fjárhæðir í milljónum króna